

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	20. janúar 2025	Tími:	12:00 – 13:30
Fundarstaður:	Guðrúnartúni 1			
Fundarstjóri:	HP			
Ritari:	AS			
Á fundinn mættu:	Arnór Snæbjörnsson (AS), Ágúst Hjörtur Ingþórsson (ÁHI), Helga Þórisdóttir (HP), Hildur Ragnars (HR), Ingibjörg Jóhannsdóttir (IJ), Magnús Ingvason (MI), Sigríður Kristinsdóttir (SK) og Anna Hermansdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi::				

Fundargerð stjórnarfundar FFR 20. janúar 2025

1. Fundargerð stjórnarfundar 2. desember 2024

Fundargerð stjórnarfundar 2. desember síðastliðinn var samþykkt.

2. Trúnaðarmál

Umfjöllun dagskrárliðar bókuð í sérstakri bókun með fundargerð.

3. Samanburður á laga- og starfsumhverfi forstöðumanna

Nú liggja fyrir fjórar álitserðir Hafsteins Dan Kristjánssonar, prófessors við Lagadeild Háskólans í Reykjavík. Álitaeftin sem hann tekur fyrir taka til launafyrirkomulagsins, réttarreglna um auglýsingu embætta að skipunartíma liðnum og flutning embættismanna, tjáningarfrelsi og samnings- og félagafrelsi forstöðumanna. Hafsteinn er reiðubúinn að kynna efni álitserðanna og niðurstöður fyrir félagsmönnum. Ákveðið var ákveðið halda þrjá til fjóra félagsfundi á Teams í febrúar/mars.

4. Bréf forsætisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra til forstöðumanna hjá ríkinu um hagræðingu í rekstri ríkisins, einföldun stjórnsýslu og sameiningu stofnana

Umræður um möguleg viðbrögð við bréfi stjórnvalda dags. 15. janúar 2025 til forstöðumanna hjá ríkinu þar sem leitað er samstarfs um hagræðingu í rekstri ríkisins og forstöðumenn beðnir um að senda stjórnvöldum tillögur um hagræðingu, einföldun stjórnsýslu og sameiningar stofnana eigi síðar en 27. janúar nk.

Ákveðið að senda félagsmönnum tölvupóst og hvetja þá til þess að senda inn tillögur og jafnframt vekja athygli þeirra á því að upplýsingalögin gildi um innsend erindi til stjórnvalda.

Jafnframt var ákveðið að senda stjórnvöldum bréf og ítreka mikilvægi þess að áframhald verði á samstarfi við forstöðumenn við útfærslu á framkonum tillögum.

5. Félagsstarfið

Umræður um skipulag félagsstarfsins fram til vors. Eftirfarandi er í farvatninu:

- Teams fundir í febrúar/mars þar sem álitsgerðir Hafsteins Dan verða kynntar og ræddar.
- Heimsókn félagsmanna til Rannís í mars.
- Morgunverðarfundur í samstarfi við FFR og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála í HÍ í byrjun apríl.
- Aðalfundur í maí í samræmi við lög félagsins ásamt málstofu.

6. Samráðsfundur FFR og KMR

HÞ, SK og AH sögðu frá því helsta sem bar á góma á síðasta samráðsfundi. Má þar nefna öryggismál stofnana og forstöðumanna, umbótahóp forstöðumanna, fyrirhuguð námskeið fyrir nýja forstöðumenn svo fátt eitt sé nefnt. Næsti fundur verður nk. fimmtudag á Teams.

7. Önnur mál

Umræður um aðgang stofnana að starfsþróunarsjóðum vegna námskeiðahalds o.þ.h. og þörfina á frekari kynningu á þeim möguleika. Einnig rætt um lengd skipunartíma og hvort hann ætti að vera lengri, t.d. 6-7 ár. Þá var rætt hvort þörf sé á að kanna líðan forstöðumanna í starfi. Ákveðið að ræða við KMR.